



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Greinargerð með þriggja ára áætlun 2011 - 2013

27.janúar 2010



Greinargerð með 3ja ára fjárhagsáætlun

Fyrir árin 2011- 2013

Inngangur

Hér er lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Árborgar þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2011 – 2013. Áætlunin er unnin í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga og er greind niður á málaflokka.

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2011-2013 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Samkvæmt lögum fer þriggja ára áætlun í tvær umræður í bæjarstjórn. Áætlunin sem nú liggur fyrir getur því tekið breytingum milli umræðna en seinni umræða er áætluð þann 10.febrúar næst komandi.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Helstu forsendur áætlunar 2011 – 2013

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar. Í ljósi áframhaldandi efnahagserfiðleika í landinu og mikillar óvissu um þróun mála næstu misserin þá er ljóst að forsendur áætlunarinnar geta breyst þegar fram líður. Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2010 og er á föstu verðlagi og föstu gengi.

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin.

Á næstu árum liggur fyrir að sveitarfélög taki yfir frá ríkinu málefni fatlaðra og aldraðra. Ekki er tekið tillit til þessa í framlagðri áætlun þar sem undirbúningur málsins er ekki kominn á það stig að unnt sé að áætla tekjur og rekstrarkostnað. Tekið skal fram að við yfirfærsluna er ætlunin að sveitarfélögum verði tryggðar tekjur til reksturs viðkomandi verkefna.

Íbúaþróun.

Á síðast liðnu ári fækkaði íbúum í Sveitarféluginu Árborg um liðlega eitt hundrað, eða um tæplega 1,5 % sem er í samræmi við fækkun íbúa í landinu í heild sinni. Í áætlun Árborgar fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að íbúafjöldi standi í stað en í þriggja ára áætlun er nú gert ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 0,5% árið 2011, 1% árið 2012 og 2% árið 2013.

Skatttekjur.

Áætlað er að skatttekjur standi í stað milli áranna 2010 og 2011 en á árunum 2012 og 2013 er gert ráð fyrir 3% hækkun hvort ár. Áætluð hækkun tekur mið af opinberum spám um hækkun útsvars vegna aukinna atvinnutekna í kjölfar jákvæðs hagvaxtar, fjölgunar íbúa og minnkandi atvinnuleysis. Í þessu samhengi má benda á að meðaltekjur á íbúa í Árborg eru nokkuð undir landsmeðaltali og endurspeglast það m.a. með afgerandi hætti í útsvarstekjum sveitarfélagsins sbr. greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir hækkun á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 10% árið 2011. Einnig er gert ráð fyrir 5% hækkun framlaga árið 2012 en ekki er gert ráð fyrir frekari hækkun árið 2013. Vonir standa til að með breyttum reglum um

Jöfnunarsjóð muni Sveitarfélagið Árborg fá hærra hlutfall sinna tekna úr sjóðnum en verið hefur hingað til.

Athygli vekur þegar skoðaðar eru heildarskatttekjur (útsvar, fasteignagjöld, Jöfnunarsjóður) sveitarfélaga á Íslandi á hvern íbúa að Árborg er næst neðst í röð 77 sveitarfélaga.

Þjónustutekjur

Ekki er gert ráð fyrir hækjun á gjaldskrám vegna þjónustu sveitarfélagsins í áætluninni.

Laun

Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun árisins 2010. Ekki er gert ráð fyrir launahækkunum.

Hagræðingarkrafa

Mikill niðurskurður og mikið aðhald hefur einkennt rekstur sveitarfélagsins síðan á árinu 2008. Nauðsynlegt er að leita áfram leiða til að hagræða enn frekar í rekstri á næstu þremur árum og því er sett hagræðingarkrafa á árin 2011-2013. Hagræðingarkrafa upp á 150 millj.kr. er sett inn á árið 2011 og 70 millj.kr. árin 2012 og 2013. Ekki er búið að dreifa hagræðingarkröfunum niður á málauflokkja þar sem framundan er þörf á enn frekari greiningu og endurskoðun á þjónustustigi sveitarfélagsins. Þá er einnig óljóst hvort lög um grunnskóla verði endurskoðuð í samræmi við fyrirliggjandi óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga til menntamálaráðherra, en verði það gert getur það þýtt nokkra tugi milljóna hagræðingu fyrir sveitarfélagið Árborg.

Helstu niðurstöður áætlunar 2011 - 2013

	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013
Tekjur	4.345.925	4.326.175	4.403.300	4.466.151
Gjöld	-4.110.083	-3.968.800	-3.908.581	-3.798.362
Fjármagnsliðir	-665.561	-287.238	-266.931	-238.786
Söluhagnaður				
Rekstrarniðurstaða	-429.719	70.137	227.788	429.003
Eignir	9.344.696	9.138.068	8.943.447	8.667.085
Eigið fé	386.042	418.925	609.477	1.001.226
Skuldir	8.958.654	8.719.142	8.333.970	7.665.860
Veltufé frá rekstri	229.548	431.375	599.825	760.803
Fjárfestingar	-265.115	-307.900	-135.000	-110.800
Ný langtímalán	565.000	700.795	390.014	93.935

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð öll árin. Eigið fé hækkar á áætlunartímabilinu og skuldir lækka. Veltufé frá rekstri er jákvætt og hækkar jafnt og þétt á tímabilinu.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við. Eins og fyrr segir er áætlunin gerð á föstu verðlagi. Verði verðbólga áranna 2011-2013 3 % ártíðum hvert þá munu fjármagnsgjöld vegna ársins 2011 fara úr 287 millj.kr. í 524 millj.kr., ársins 2012 fara úr 267 millj. kr. í 518 millj.kr. og ársins 2013 úr 239 millj.kr. í 492 millj.kr. Áhrif á rekstrarniðurstöðu lokaárs áætlunarinnar yrðu þau að afgangur yrði um 175 millj.kr. í stað 429 millj.kr. miðað við fast verðlag. Ljóst er því að þróun verðbólgu hefur mikil áhrif á rekstrarrafkomu sveitarfélagsins í framtíðinni.


Um 14 % lána sveitarfélagsins eru í erlendri mynt. Breytist gengi til betri vegar á tímabilinu mun það bæta rekstrarrafkomu sveitarfélagsins töluvert.

Fjárfestingar


Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 307,9 millj.kr. árið 2011, 135 millj.kr. árið 2012 og 110 millj.kr. árið 2013. Þar er fyrst og fremst um að ræða allra brýnustu aðgerðir.

Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2011 -2013 eru áætluð 1.185 millj.kr. en niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 2.420 millj.kr.



Niðurstaða Aðalsjóðs



Eins og sjá má á myndinni hér að framan er rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs jákvæð frá árinu 2004 – 2007. Frá árinu 2008 hefur niðurstaðan verið neikvæð og nær hámarki árið 2010 eins og við var búist, þrátt fyrir hagræðingu sem nemur hátt í 400 millj. kr. á árunum 2009 og 2010. Með hagræðingarkröfunum, sem nefndar eru hér að ofan, er þessari þróun snúið við og jákvæð niðurstaða næst á ný árið 2013 sem er í samræmi við 61.gr. sveitarstjórnarlaga.

Lokaorð

Sveitarfélagið Árborg er öflugt sveitarfélag með fjölbreytta búsetukosti. Sveitarfélagið stækkaði mjög hratt fram að hruni en síðan hefur íbúum fækkað lítillega. Sóknartækifæri liggja víða, m.a. í nýsköpun og þróun atvinnugreina eins og menningartengdrar ferðaþjónustu, iðngreina ýmiss konar og rannsóknarstarfsemi á sviði umhverfis- og landnýtingarverkefna, en öll slík þróun er háð góðri þjónustu sveitarfélagsins og því er nauðsynlegt að stíga varlega til jarðar í niðurskurðaráformum og undirbyggja ákvarðanir mjög vandlega.

Þriggja ára áætlun þessi sýnir að með áframhaldandi aðhaldi og breytingum í rekstri verður hægt að ná jákvæðri niðurstöðu í rekstri innan fárra ára. Á næstu árum, þegar verstu áhrif hrunsins verða gengin yfir, skapast væntanlega aðstæður til að selja einhverjar af eignum sveitarfélagsins til að léttu enn frekar á skuldum en Sveitarfélagið Árborg er eignamikið sveitarfélag.

Til að laga þjónustu og rekstur sveitarfélagsins enn betur að breyttum veruleika þá þurfa að fara fram enn frekari greiningar á rekstri einstakra þjónustubátta og taka þarf ákvarðanir um hvert þjónustustig sveitarfélagsins eigi að vera til framtíðar. Þetta er verkefni sem flest sveitarfélög í landinu munu þurfa að takast á við á næstu mánuðum og misserum. Þriggja ára áætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu tekur mið af framangreindum aðstæðum og efnahagsspám fyrir næstu árin.

Framundan eru stór og krefjandi verkefni sem takast þarf á við af heiðarleika og sanngirni. Það er ósk undirritaðrar að bæjarfulltrúum nú og í framtíðinni farnist þessi verkefni sem allra best, velferð heildarinnar, íbúanna, er í húfi. Starfsfólk er þökkuð góð vinna við gerð áætlunarinnar og þakkaður skilningur á þeim aðgerðum sem grípa hefur þurft til á síðustu mánuðum til að bregðast við afleiðingum hrunsins og búa sveitarfélagið undir starfsemi í áður óþekktu umhverfi.

Árborg 27. janúar 2010
Ragnheiður Hergeirs dóttir, bæjarstjóri